

Sel, Skaftafell I



Selið í Skaftafelli. GLH 2005.

Byggingarár: 1912

Hönnuður: Þorsteinn Guðmundsson bóndi í Seli.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1972.

Tekin á fornleifaskrá 18. maí 1972 en lagaheimild skortir sbr. II. og IV. kafla þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Selið í Skaftafelli er torfbær grafinn inn í brekku að ofanverðu, um 20 m að lengd og 10 m á breidd. Bæjarhús eru þrjú; vestast er hlóðaeldhús, portbyggð fjósbaðstofa fyrir miðju og austast er stofa með bæjardyrum. Tyrfd risþök eru á húsunum. Veggir og framhlið hlóðaeldhúss eru hlaðin úr grjóti og á þeim er torflag að ofanverðu. Gaflhlað á hlóðaeldhúsi, framþil fjósbaðstofu, stofu og gaflhlöð að norðanverðu eru klædd listapili og frá þeim er gengið með vindskeiðum. Dyr eru á framhlið hlóðaeldhúss og einnar rúðu gluggi á hvoru gaflhlaði. Fjósdyr eru á framþili fjósbaðstofu að austanverðu og einnar rúðu gluggi fyrir miðju. Fjögra rúðu gluggi er efst á gaflhlaði hvorum megin. Bæjardyr eru á stofuþili vestanverðu og yfir þeim þvergluggi og níu rúðu tvíþósta gluggi á stofu. Efst á gaflhlaði er fjögra rúðu gluggi með miðþósti og annar á austurhlið. Fjögra rúðu krossþóstagluggi er á gaflhlaði að norðanverðu.

Inn af bæjardyrum er gangur, stofa að austanverðu og eldhús fyrir enda gangs að norðanverðu. Úr eldhúsi er opið upp á stofuloft. Innarlega á ganginum eru bæjargöng í vestur að fjósi og stigi upp á baðstofuloft. Básar eru meðfram vesturhlið fjóss og jötustokkur innan við. Básastodir styðja undir loftbita og við vegg eru stoðir á stoðarsteinum. Yfir fjósi er fjósbaðstofa sem skipt er með þverþili. Hlóðir eru við vesturhlið hlóðaeldhúss inn af dyrum. Veggir á gangi eru klæddir standþili, stofa og eldhús eru klædd strikuðum panelbordum og eldhús er að hluta klætt standþili. Á gangi og í stofu er loft á bitum en í eldhúsi er bordaklædd súð neðan á sperrum. Stofuloft er óklætt og yfir

því súð klædd bárujárnri á langböndum og sperrum. Bæjargöng eru klædd standþili og breiðum strikuðum þiljum og yfir þeim er þakás og raftar með hellum út á vegg. Baðstofan er klædd spjaldaþili, standþili, standþiljum, listuðum standþiljum og strikuðum panelbordum og súð er klædd skarsúð á sperrur. Í hlóðaeldhúsi eru stoðir á stoðarsteinum við vegg, veggssylla í haki á

bakhlið, þverbitar og sperrur yfir með langböndum og hellum.



Selið í Skaftafelli. GLH 2005.



Fjós undir baðstofu. GLH 2005.

Sel, Skaftafell I, hlöður tvær



Hlöður í Selinu í Skaftafelli. GLH 2005.

Byggingarár: 1834 og fyrir 1858.

Athugasemd: Eystri hlaðan er byggð ekki síðar en 1834 en sú vestari byggð fyrir 1858.

Hönnuðir: Ókunnir.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1972.

Teknar á fornleifaskrá 18. maí 1972 en lagaheimild skortir sbr. II. og IV. kafla þjóðminjalaga nr. 52/1969.


Eystri hlaðan er friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Hlöðurnar eru sambyggð torfhús og standa suðvestur af Selsbænum, um 15 m að lengd og 13,5 m á breidd. Þær eru að hluta byggðar inn í brekku að ofanverðu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og torfi efst og á hlöðunum eru tyrfð risþök. Frampilin eru klædd listapili, dyr eru á þeim fyrir miðju og gluggi yfir. Á efra gaflhlaði eystri hlöðunnar er heyop með hlera fyrir.

Hlöðurnar eru þríása, undir brúnásunum eru innstoðir á stoðarsteinum eftir endilöngum húsunum en undir mænisási eru dvergar sem hvíla á vaglbitum á milli brúnása. Raftar eru á milli ása og út á vegg og er helluþak yfir á eystri hlöðunni en á vestari hlöðunni er helluþak neðst í þakinu en bárujárn að ofanverðu.



Séð inn í eystri hlöðuna. GLH 2005.



Hlöður í Selinu, grunnmynd. Teikning Curt von Jessen.